



11. mars 2020.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Ytra mat grunnskóla í Hafnarfirði, mál 1906030

Þetta minnisblað er fylgiskjal með öðrum gögnum undir þessu málsnúmer á fræðsluráðsfundi þann 11. mars 2020. Áður hafði verið kynnt í fræðsluráði að á skólaárinu 2020-2021 (og mögulega frá skólaárinu 2019-2020) að ákveðnir grunnskólar bæjarins og í bænum færu í ytra mat í samræmi við 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Það eru óvenju margir grunnskólar í Hafnarfirði í ytra mati hjá MMS þessi misserin – miðað við mörg ár á undan. En með þessum úttektum sem er lokið, og með þeim sem eru í gangi, hafa allir grunnskólar Hafnarfjarðar farið í gegnum úttektarferli á síðustu árum, misjafnlega þó.

Matsskýrsla er á ábyrgð MMS og umbótaáætlun á ábyrgð skóla. Umbótaáætlun er samþykkt af MMS en Hafnarfjörður skal fylgja eftir framkvæmd umbótaáætlana. Próunarfulltrúi grunnskóla er tengiliður Hafnarfjarðar vegna ytra mats MMS og fylgir eftir umbótaáætlunum sem lýkur ekki fyrr en skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hefur staðfest að umbótaáæðgerðir hafi komið til virkni.

Gögn um einstaka skóla eru kynnt hér neðar og eru sömuleiðis undir málinu í OS málakerfi bæjarins og undir fundargögnum. Það eru umræddir skólar.

- *Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði:* Skólinn er kominn talsvert inn í umbótaferlið. Skýrsla um úttekt MMS og samþykkt umbótaáætlun skólans er undir málinu.
- *Hvaleyrarskóli:* Skólinn hefur rétt hafið umbótaferlið. Skýrsla um úttekt MMS og samþykkt umbótaáætlun skólans er undir málinu.
- *Víðistaðaskóli:* Skólinn hefur rétt hafið umbótaferlið. Skýrsla um úttekt MMS og samþykkt umbótaáætlun skólans er undir málinu.
- *Öldutúnsskóli:* Öldutúnsskóli er í úttektarferli á vorönn 2020.

Áður hefur verið kynnt með Áslandsskóla sem er enn í umbótaferli og MMS er að fylgja því máli eftir sömuleiðis, þ.e. aðkoma MMS hættir ekki fyrr en atriði umbótaáætlunar hafa komið til virkni í öllum þáttum.

Virðingarfyllst,


Vigfús Hallgrímsson, próunarfulltrúi grunnskóla